

NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

ÁGÚST 2016 • 8. TBL. • 29. ÁRG.



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Menningarnótt í Reykjavík teygði anga sína út á Seltjarnarnes þegar "Nesband" Dýra Guðmundssonar og féлага lék fyrir gesti og hlaupara við Lindarbraut 26 meðan Reykjavíkurmaraþonið fór framhá og vakti mikla lukku. Á myndinni má m.a. sjá hljómsveitameðlimina; Grímkel Sigþórsson, Sigurð Guðmundsson, Kára Indriðason, Dýra Guðmundsson, Bjart Loga Finnson og Ögmund Kárason.

Myndlistarvörur
Allt sem þú þarft
í Borgartúni 22

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22
Opið: 8-18 virka daga
10-14 laugardaga

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hreinn lífræn næring

Ægisíða 121 [f](#) /grænheilsa



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum
í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann
til að sækja „appið“
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
 RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson
 UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is
 Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Tveim verkefnum að ljúka

Tveimur mikilvægum verkefnum á Seltjarnarnesi er að ljúka. Annað þeirra er lagning hjólastígs meðfram norðurströndinni frá bæjarmörkum við Reykjavík út að Gróttu. Hjólreiðar njóta mikilla vinsælda og fleira og fleira fólk nýtir sér þann ferðamáta. Hjólreiðar eiga takmarkaða samleið með umferð gangandi fólks og einnig bíla því um mismunandi ferðamáta er að ræða. Á hinum nýja hjólastíg getur hjólreiðafólk farið ferða sinna án truflunar af umferð þeirra sem kjósa sér aðra ferðamáta.

Hitt þarfaverkefnið sem nú er komið á lokastig eru síðustu áfangar þess að ljúka endanlegum frágangi fráveitunnar á Seltjarnarnesi. Með lokum þess verks verða fráveitumál Seltjarnarnesbæjar komin í það form sem umhverfismál krefjast. Þetta verk hefur tekið allnokkurn tíma og sums staðar verið erfitt um vik vegna lágrar legu Nessins miðað við yfirborð sjávar. Því er fagnaðarefni ef tekst að ljúka því á komandi haustnóttum eins og stefnt er að.

Gallerí Gróttta

Frá því Gallerí Gróttta tók til starfa undir því nafni hafa vinsældir þess á meðal listafólks aukist verulega. Mikil eftirspurn er eftir því að sýna í galleríinu – myndverk og aðra listgjörninga. Með Gallerí Gróttu opnuðust nýir möguleikar til sýningarhalds en oft getur verið erfitt fyrir listafólk að fá afnot af sýningarrými. Fáir af fjölbreyttri flóru myndlistarfólks hefur aðgang að stóru sýningarsölunum í Listasafni Íslands og Listasafni Reykjavíkur þar sem forstöðumenn og listfræðingar velja sýnendur gjarnan eftir öðrum leiðum en að auglýsa eftir umsóknum. Gallerí Gróttta setur svip á Seltjarnarnes, setur svip á Eiðistorgið og á bókasafnið sem smám saman hefur verið að breytast úr hefðbundnu almenningsbókasafni í allhliða menningarmiðstöð.

Rætt um annað safn í lækningaminjasafnshúsið



Rætt um að safn getið komið í lækningaminjasafnshúsið. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir nokkra aðila hafa lýst áhuga sínum á húsinu en engar ákvarðanir liggja þó fyrir enn sem komið er.

Bærinn á enn í viðræðum við menntamálaráðuneytið sem nú

hefur skipað nefnd til að skoða málið. Ásgerður segir að eins og kunnugt sé hafi bærinn óskað eftir samstarfi við ráðuneytið á sínum tíma um að finna byggingunni nýtt hlutverk. Rætt hefur verið um Náttúruminjasafn, Vísindasafn og nú síðast Listasafn Íslands.



MINNA MÁL MEÐ SAGA PRO



SAGA MEDICA
www.sagamedica.is



Nesbíúinn



Eiga ekki allir hjól á Nesinu?



Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
 Þri. - fös.: 9 - 18.
 Laugardagar: 10 - 16.

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid

Ný heimasíða
 www.systrasamlagid.is

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
 Fyrir neðan sundlauginu og World Class.
 Sími: 511 6367

Veitt verða
verðlaun fyrir
frumlegustu
húsa-
skreytinguna



BÆJARHÁTÍÐ SELTJARNARNES

Verður haldin dagana 26. - 28. ágúst 2016

Hvetjum Seltirninga til að taka daginn frá og skreyta hverfið sitt, hús og lóðir í viðeigandi hverfalit. Einnig hvetjum við bæjarbúa til að flagga meðan á hátíðarhöldum stendur.



Föstudagurinn 26. ágúst

17.00 - 19.00 Sundlaug Seltjarnarness – Sundlaugarpartý

Skemmtidagskrá í lauginni fyrir fjölskylduna. Meðal þeirra sem fram koma og skemmta gestum er hljómsveitin *Stjúpmæður* og hljómsveitin *Globe*. *Bjossi Sax* mætir og skemmtir gestum með sínum frábæra jazzleik. **Frítt er í laugina** allan daginn í tilefni hátíðarinnar.

20.00 - 21.30 Brekkusöngur í Plútóbrekku – Ingó (úr Veðurguðunum) & gestir

Fram koma ýmsir þekktir aðilar sem hafa verið áberandi í tónlistarlífinu á Seltjarnarnesi, m.a. *Jóhann Helgason* söngvari.



Laugardagurinn 27. ágúst

9.00 Hjólreiðatúr með Bjarna Torfa um Seltjarnarnesið

Bjarni Torfi er fullur af fróðleik um Seltjarnarnesið og mun hann miðla honum áfram í stórskemmtilegum hjólreiðatúr. Þátttakendur hvattir til að mæta í flikum í sínum hverfalitum.

9.30 Skemmtiskokk með Trimmklúbbi Seltjarnarness

TKS býður bæði upp á skemmtiskokk fyrir nýja hlaupara og einnig ferðir fyrir lengra komna. Þátttakendur eru hvattir til að mæta í flikum í sínum hverfalitum.

11.00 – 13.30 Gróttudagurinn á Vivaldivellinum

Knattspyrnudeild Gróttu stendur fyrir **hraðmóti í 6 manna bolta**. Mótið hefst kl. 11.00 og stendur til kl. 13.00. Nánari upplýsingar á heimasíðu Gróttu: www.grottasport.is
14.00 Leikur hjá Kríunni á Vivaldivellinum

17.00 - 18.00 Götugrill bæjarins hefst í hverfunum og boðið verður upp á ýmsar skemmtanir í boði íbúanna

23.00 - 02.30 Stuðball í Félagsheimili Seltjarnarness

Hljómsveitin Bandmenn halda uppi fjörinu og spila fyrir dansi. Miðsalan fer fram á skrifstofu Gróttu dagana 22.–26. ágúst milli kl. 13-17. Miðaverð í forsölu 2.500,- en við inngang 3.500,-

Sunnudagurinn 30. ágúst

11.00 Appelsíngul messa í Seltjarnarneskirkju

Séra. Bjarni Bjarnason stendur fyrir appelsínugulri sunnudagsmessu.

Varningur í
hverfalitum
verður til sölu
í Hagkaup
og Byko



**STUÐBALL
SELTIRNINGA**



Nánari upplýsingar um dagskrá og viðburði er að finna á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar:
www.seltjarnarnes.is og fésbókarsíðu Seltjarnarnesbæjar.



SELTJARNARNESBÆR



Hjúkrunarheimilið í útboð

Seltjarnarnesbær hefur óskar eftir tilboðum í byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi. Um er að ræða nýtt 40 íbúa hjúkrunarheimili á einni hæð að Safnatröð 2. Útboð verksins nær til allra þátta þ.e. jarðvinnu, uppsteypu, tæknikerfa, frágangs innan- og utanhúss auk lóðar. Laus búnaður og ákveðinn sérhæfður tæknibúnaður er undanskilinn. Verkinu á að vera að fullu lokið 1. mars 2018.

Bygging hjúkrunarheimilisins er hönnuð af Arkís og er um 3400 fermetrar að stærð. Heimilið verður á

einni hæð en að auki er tæknirými í kjallara undir takmörkuðum hluta hússins. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir verkefnið nú vera í útboðsferli og að byggt verði eftir nýjum grunni samkvæmt nýjum viðmiðum velferðarráðuneytisins. Hugmyndafræði byggingarinnar grundvallast á því að búa heimilismönnum vistlegt heimili þar sem mannúð og virðing eru í heiðri höfð. Húsið mun standa saman af fjórum íbúðakjörnum og sameiginlegu miðryni.

Útboðsfrestur var til 11. ágúst en hefur verið framlengdur.

NES FRÉTTIR www.borgarblod.is

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS



Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Skólplögnin klárast á næstu vikum



Ætlunin er að hefja vinnu við síðustu áfangana við skólplögnina af Seltjarnarnesi út í Ánanaust. Gísli Hermannsson bæjarverkfræðingur segir að sæta verði sjávarföllum til þess að ganga frá lögninni. Ef staða sjávar sé há geti sjórinn runnið upp á land og gert verkið óvinnandi. Næstu daga sé þó gott útlit hvað þetta varðar.

Þá er eftir að tengja nýju lögnina. „Til þess þarf að koma upp dælubúnaði á milli brunna því ekki viljum við missa frárennslið út enda erum við nánast að vinna inn í görðum hjá fólki,“ segir Gísli. Vonir standa til að unnt verði að ljúka þessu verki sem komið er á lokametra innan nokkurra vikna.

Landey hefur ekki sótt um byggingarleyfi

Landey hefur enn ekki sótt um byggingarleyfi við Bygggarða en nú er að hefjast vinna við að skipuleggja götur og veitukerfi. Landey hefur þegar fengið leyfi bæjaryfirvalda til þess að rífa húsinn við Bygggarða 1 og Bygggarða 3.

Skipulagning og bygging gatna og lagna er talsvert verk þar sem tæpast er unnt að nýta neitt af þeim lögnum sem fyrir eru. Bæði eru þær komnar til ára sinna og miðast einnig við allt aðra landnotkun en þegar fjöldi íbúða hefur risið á svæðinu.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíli.



Mössun / snyrting á lakk

Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta

Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun

Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / ásklæði

Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



STUÐBALL SELTIRNINGA

Hljómsveitin Bandmenn



LAUGARDAGINN 27. ÁGÚST
FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS

Miðasala á skrifstofu Gróttu
22. - 26. ágúst milli 13-17

Miðaverð í forsölu 2.500 kr. Við inngang 3.500 kr.

Húsið opnar kl. 23 og hefst ballið um miðnætti



Umhverfisviðurkenningar árið 2016

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur í fjölda ára veitt viðurkenningar fyrir m.a. fagra garða og snyrtilegan frágang lóða.

Einnig hafa verið veittar viðurkenningar fyrir fagurt tré.

Umhverfisviðurkenningar voru veittar fimmtudaginn 11. ágúst í sal Gróttu við fótboltavöllinn við Suðurströnd.



Garður ársins: Melabraut 22. Eigendur Hildur Aðalsteinsdóttir og Garðar Svavar Gíslason.



Garður ársins: Melabraut 22. Eigendur Ólöf Guðfinna Siemsen og Baldur Bjartmarsson.



Sérstök viðurkenning: Raðhúsið Eiðismýri 2. Eigendur Steinunn Erla Árnadóttir og Hermann Lúðvíksson.



Sérstök viðurkenning: Raðhúsið Eiðismýri 4. Eigendur Birna Einarsdóttir og Guðmundur H. Þorsteinsson.



Sérstök viðurkenning: Raðhúsið Eiðismýri 6. Eigendur Sigrún Elísabet Einarsdóttir og Gunnar Guðmundsson.



Tré ársins: Ilmreynir. Eigendur Emilía Ólafsdóttir og Bjarni Bjarnason, Barðaströnd 43.



Sérstök viðurkenning: Steinavör 2. Eigendur Ragnheiður Lentz Sigurðardóttir og Walter Lentz.



Verðlaunahafar ásamt Umhverfisnefnd Seltjarnarness.

NÝ TÍMATAFLA HEFST 29. ÁGÚST

nánar á worldclass.is



KLIPPIÐ MIG ÚT

HAUST TÍMATAFLA WORLD CLASS SELTJARNARNESI - GILDIR 29. ágúst - 4. janúar

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Tími	Laugardagur
06:10	Þol & Styrkur (50)	Spinning (50)	Þol & Styrkur (50)	Spinning (50)	Þol & Styrkur (50)	09:30	Spinning (60)
06:30	Hot Fit (50)		Hot Fit (50)			10:00	Teygjur Í Heitum Sal (30)
08:30	Morgunþrek (60)		Morgunþrek (60)		Morgunþrek (60)	10:30	Buttlíft (60)
10:00							
10:30							Sunnudagur
12:00	Yoga (60)	HádegisPúl (50)	Yoga (60)	HádegisPúl (50)	Yoga (60)	11:30	Hot Yoga Mótun (60)
16:40	Zumba (50)		Zumba (50)				
17:00					Túrbó Tabata (30)		
17:30	Spinning (60)	Buttlíft (60)	Spinning (60)	Buttlíft (60)			
17:30	Hot Yoga (90)	Spinning (50)	Hot Yoga (90)	Spinning (50)	Hot Yoga (75)		
17:30	Hot Yoga (75)	Spinning (60)	Hot Yoga (75)	Spinning (60)	Hot Vinyasa Yoga (75)		
17:35	Vaxtarmótun (60)		Vaxtarmótun (60)		Spinning (45)		
18:00		Hot Yoga (60)		Hot Yoga (60)			
18:45	Tabata (45)		Tabata (45)				



KLIPPIÐ MIG ÚT

HAUST TÍMATAFLA WORLD CLASS LAUGUM - GILDIR 29. ágúst - 4. janúar

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Tími	Laugardagur
06:15	Tabata (45)		Tabata (45)		Tabata (45)	09:30	Laugaskokk (60)
06:15		Hot Yoga (60)		Hot Yoga (60)		10:30	Buttlíft (60)
06:20	Spinning (45)	Spinning (45)	Spinning (45)	Spinning (45)	Spinning (45)	10:40	Spinning (60)
07:00	Í Form 5:2 (L)		Í Form 5:2 (L)		Í Form 5:2 (L)	11:00	Hot Yoga (90)
08:30	Hot Fit (45)		Hot Fit (45)		Hot Fit (45)		
09:00		Mix Pilates (60)		Mix Pilates (60)	ÍHHÍ (L)	Tími	Sunnudagur
09:30						11:00	Hot Yoga (90)
10:00					ÍHHÍ (L)	11:10	Tabata (40)
10:00	Vaxtamótun (60)		Vaxtamótun (60)		Vaxtamótun (60)	11:50	Kviður & bak (20)
10:30						12:20	Spinning (50)
10:40						13:15	Foam Flex (50)
11:45					HIIT Tabata (45)		
12:00	HIIT Tabata (45)	Spinning (45)	HIIT Tabata (45)	Spinning (45)			
12:00	Spinning (45)	Jóga (60)	Spinning (45)	Jóga (60)	Spinning (45)		
12:00	Hot Yoga (60)		Hot Yoga (60)		Hot Yoga (60)		
12:30					HIIT Tabata (45)		
15:30	Dans 7-9 ára (L)		Dans 7-9 ára (L)				
16:20		Warm Yoga (60)		Warm Yoga (60)			
16:30	Hot Fit (45)	Pump Fx (60)	Hot Fit (45)	Pump Fx (60)			
16:30	Dans 10-12 ára (L)		Dans 10-12 ára (L)		Tækni tími DWC (L) (60)		
17:15	Fitness Form (L)	Fit Pilates (L)	Fitness Form (L)	Fit Pilates (L)	Fitness Form (L)		
17:30	Hot Yoga (60)	Hot Vinyasa Yoga (90)	Hot Yoga (60)	Hot Vinyasa Yoga (90)	Hot Yoga (60)		
17:30	Laugaskokk (60)		Laugaskokk (60)				
17:35	Spinning (60)	Spinning (60)	Spinning (60)	Spinning (60)	Spinning (60)		
17:40	Buttlíft (60)	Zumba (60)	Buttlíft (60)	Zumba (60)			
18:00		Cyclathon			Masterclass DWC (L)		
18:40	Warm Yoga teygjur (60)	Dans 13 - 15 ára (L)	Warm Yoga teygjur (60)	Dans 13 - 15 ára (L)			
19:40		Dans 16+ (L)		Dans 16+ (L)			
20:40		Dans 20 + (L)		Dans 20 + (L)			

*MED FYRIRVARA UM BREYTINGAR

worldclassiceland

worldclassiceland

worldclassice

PAR SEM HJARTAÐ SLÆR

World Class
ICELAND

Afrétturinn tilheyrir Seltjarnarneshrepp hinum forna

Afréttur Seltjarnarneshrepps til forna verður ekki hluti af Reykjavíkurborg. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur hafnað kröfum borgarinnar með úrskurði föstudaginn 5. ágúst sl. og er samhljóða niðurstöðu óbyggðanefndar frá 2014 sem komst að þeirri niðurstöðu að afréttur Seltjarnarness til forna væri innan staðarmarka Kópavogsbæjar. Var svæðið úrskurðað þjóðlenda með dómi Hæstaréttar árið 2009 og er landið nú í eigu íslenska ríkisins en innan staðarmarka Kópavogsbæjar sem sveitarfélags.

Seltjarnarneshreppur hinn fornu var landmikill. Austasta jörðin hreppnum var Kópavogur. Elliðaárnar mörkuðu skil við Mosfellsveit. Eyjarnar Örfirisey og Engey voru í Seltjarnarneshreppi árið 1703 og Viðey bættist við seinna. Landamörk milli jarða í Seltjarnarneshreppi hinum forna hafa síðan orðið að mörkum sveitarfélaga og má í því sambandi minna á mörk Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar. Þau munu að verulegu leyti markast af landamerkjadómi, sem dæmdur var um 1600. Um sumarið 1947 gengu undirskriftalistar um Nesið þar sem farið var fram á skiptingu hreppsins í tvo hreppa. Kópavogur var þá tekin að vaxa og hugnaðist Seltirningum illa að leggja fé til þeirrar uppbyggingar. Sýslunefnd Kjósarsýslu var hlynnt skiptingu hreppsins og lá stefnumarkandi ákvörðun Félagsmálaráðuneytis um skiptingu í nóvember 1947 sem tók gildi á áramótum sama ár. Í ársbyrjun 1948 er hinn nýi Seltjarnarneshreppur orðinn til. Hinn 29. mars 1974 voru samþykkt lög frá Alþingi um kaupstaðarréttindi Seltjarnarness. Reykjavíkurborg hefur ásælst afréttarland Seltjarnarneshrepps hins

forna en með dómi hefur Héraðsdómur Reykjavíkur staðfest að það tilheyrir hinum forna hreppi eða þess hluta hans sem varð að Kópavogsbæ. Í Kópavogsbæ eru því m.a. útivistarsvæði og einnig náttúruperlur á boði við Þríhnjúka sem eru á hinu umrædda afréttarsvæði.



Þríhnjúkagígur er ein þeirra náttúruperla sem er í landi Seltjarnarneshrepps hins forna.

JL-húsinu - Hringbraut 119 • Sími: 571 3888 • www.xofood.is



FUN • FAST • FUSION

100% HOLLUSTA, 100% NÆRING 😊

ÞAÐ ERU ALLIR AÐ TALA UM XO!

Enginn hvítur sykur, ekkert hvítt hveiti

XO – LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI



NES FRÉTTIR

Auglýsingasími

511 1188

www.borgarblod.is



Beðið eftir svörum frá Skipulagsstofnun

Beðið er eftir svörum frá Skipulagsstofnun um lóðirnar við Ás og Stóra Ás í Suðurmýri á Seltjarnarnesi. Skipulagsnefnd Seltjarnarnesbæjar afgreiddi málið á fundi 16. maí. sl. og var málið staðfest í bærarstjórn skömmu síðar.

Samkvæmt skipulagstillögum er gert ráð fyrir að byggðar verði 16 íbúðir á þessum tveimur lóðum. Málinu var síðan vísað til Skipulagsstofnunar til umfjöllunar ásamt athugasemdum sem bárust og svörum bæjarins við þeim. Skipulagsstofnun hefur enn ekki svarað erindi Seltjarnarnesbæjar.



Bæjarhátíð á Nesinu

Árleg bæjarhátíð Seltjarnarnes verður haldin 25. - 28. ágúst nk. Seltirningar eru hvattir til að taka daginn frá og skreyta hverfið sitt, hús og lóðir í viðeigandi hverfalit. Einnig eru bæjarbúa hvattir til að flagga meðan á hátíðarhöldum stendur.

Skemmtilegar hefðir eru að myndast í kringum hátíðina þar sem íbúar hverfa taka sig saman og standa fyrir sameiginlegum viðburðum í sínu hverfi meðan á hátíðinni stendur, svo sem vöflu- og pönnukökukaffi, götugrilli og hverfaskemmtun fyrir ball.

Dagskrá hátíðarinnar verður fjölbreytt og allir íbúar ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Meðal atriða má finna skemmtikvöld í Félagsheimili Seltjarnarnes, Brekkusöng, hjólareiðaferð, Gróttudaginn með ýmsum viðburðum og Stuðball á laugardagskvöldinu með hljómsveitinni Bandmenn. Ýmislegt fleira verður í boði og er dagskráin að taka á sig mynd.

Bærinn stendur vel í leikskólamálu

Seltjarnarnesbær kemur vel út í samanburði um málefni leikskóla. Þann 13. ágúst síðastliðinn birtist úttekt í Fréttablaðinu þar sem staða barna á leikskólum eftir nokkrum sveitarfélögum var borin saman. Í umfjölluninni var Seltjarnarnesbær eina bæjarfélagið innan höfuðborgarsvæðisins sem ekki var tekið með inn í samanburðinn, en Nesfréttum lék forvitni á að vita hver staða þess væri gagnvart þeim.

Hér að neðan fer samanburðurinn þar sem glöggst má sjá að staða fjölskyldufólks á Seltjarnarnesi er góð, sérstaklega þegar litíð er til hlutfall barna sem fædd eru 2015 og eru í leikskóla sem og niðurgreiðslu til dagforeldra. Taflan er tekin úr Fréttablaðinu. Seltjarnarnesbæ hefur verið skeytt við á meðan Akranes, Akureyri, Árborg og Fjarðarbyggð voru tekin út til að sjá eingöngu samanburð við bæjarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

	Seltjarnarnesbær	Hafnarfjörður	Reykjavík	Mosfellsbær	Garðabær	Kópavogur
Fjöldi barna fædd 2015 á leikskólum*	30	40	18	0	65	192
Fjöldi barna fædd 2015	48	371	1517	112	168	455
Hlutfall barna fædd 2015 í leikskóla	62,50%	10,80%	1,20%	0%	39%	42%
Kostnaður foreldra vegna dagforeldri	breytligur	60.000	engin yfirsýn	52.608	37.570	engin yfirsýn
Kostnaður foreldra vegna leikskóla**	25.760	32.935	25.280	33.746	37.570	30.000
Niðurgreiðsla til dagforeldra	65.000	50.000	47.608	52.608	63.668	57.289

*Eins og staðan var 13. ágúst 2016 **Miðað er við átta tíma með morgunmat, síðdegisshressingu og hádegismat án afsláttar.

NES FRÉTTIR Auglýsingasími: 511 1188



Elín Hirst
alþingismaður
í 2.-3. sæti

Á Alþingi og í starfi mínu sem stjórnmalamaður legg ég m.a. ríka áherslu á:

- heiðarleika og gagnsæi í stjórnmalum
- aukin framlög til heilbrigðismála
- stöðugleika í efnahagsmálum
- velferðarmál barna og ungmenna
- jafnréttismál
- ný úrræði fyrir ungt fólk til fasteignakaupa
- þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar

Frekari upplýsingar um mig má finna á Facebook-síðunni Elín Hirst alþingismaður og bloggsíðunni elinhirst.wordpress.com

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi laugardaginn 10. september 2016

Viðtal við Ragnar Árna Ágústsson

Tónlistarmaður og læknanemi

Ragnar Árni Ágústsson tónlistarmaður og læknanemi er uppalinn á Seltjarnarnesi. Foreldrar hans eru Ágúst Ragnarsson og Katrín Pálsdóttir fjölmiðlamaður. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Ragnar farið nokkuð óvenjulega leið í lífinu. Hann stundaði tónlistarnám frá bernsku. Hann er lærður saxófónleikari og hefur bæði sinnt tónleikahaldi og tónsmíðum. Um tvítugsaldurinn ákvað hann að venda kvæði sínu í kross og hefja nám í læknisfræði sem hann stundar nú í Ungverjalandi. Hann segir hugsunina um manneskjuna – tengsl líkama og sálar hafa hrifið sig.

“Ég flutti á Seltjarnarnesið með foreldrum mínum þegar ég var nokkra mánaða. Ég var í Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla og hafði þar mjög góða kennara. Ég var í Gróttu bæði í handbolta og fótbolta og síðast en ekki síst í Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi. Ég byrjað að spila á blokkflautu þegar ég var sex ára en valdi svo saxófón sem mitt hljóðfæri þegar ég var átta ára. Ég var í lúðrasveitinni hjá Kára Einarssyni sem er nú skólastjóri Tónlistarskólans.

Bertel og Big bandið hans Samma

Á meðan ég var í Valhúsaaskóla var ég í unglíngahljómsveitinni Bertel, ásamt félögum mínum Gunnari Gunnsteinssyni, Kjartani Ottóssyni og Jasoni Egilssyni. Við vorum aðeins 14 ára þegar við byrjuðum. Bertel gaf út eina plötu. Þar var ég ekki með saxófóninn heldur spilaði á gítar og



Ragnar Árni Ágústsson.

hljómborð. Þetta var rokkhljómsveit og við tókum tvisvar þátt í Músiktilraunum.“

Þegar Ragnar hóf nám í menntaskóla tók hann jafnframt inntökupróf í Tónlistarskóla FÍH á jazzsaxófón. „Þannig byrjaði ég á sama tíma í Menntaskólanum við Hamrahlíð og FÍH. Ég útskrifaðist úr MH um tvítugt og úr FÍH sem jazzsaxófónleikari árið eftir. Á meðan ég var í FÍH spilaði ég með ýmsum hljómsveitum og komst þannig inn í þá fallegu tónlistarfjölskyldu sem er hér á landi. Þar fékk ég tækifæri til þess að spila með mörgu ágætu og skemmtilegu fólki til dæmis SJS Big

band sem Samúel Jón Samúelsson stýrði af mikilli snilld. Flestir sem ég spilaði með þar voru eldri en ég. Þetta er fjölmenn hljómsveit skipuð einvalaliði íslenskra jazztónlistarmanna. Sammi hóaði fyrst í mig þegar ég var 18 ára.“ Ragnar segir að þetta band hafi farið um alla Evrópu og spilað mjög víða. „Þarna eignaðist ég ákveðna lærifeður sem kenndu mér bæði um tónlist og lífið í leiðinni. Ég líki þessu stundum við þegar faðir minn hefur sagt mér sögur frá því að hann var til sjós á sínum yngri árum.

Ragnar hefur komið víða við í tónlistinni. Hann spilaði með Bubba Morthens á plötunni “Ég trúí á þig” og var meðlimur í hljómsveit hans Sólskuggarnir. Ég spilaði einnig með Hjálmu og ferðist með þeim á tónlistarhátíðir. Skömmu áður en ég fór frá Íslandi er Ásgeir Trausti að hefja sinn tónlistarferil og spilaði ég undir hjá honum sama kvöld og ég flaug í fyrsta skipti til Ungverjaland. Ég man líka að ég hugsaði að þetta yrði líklega það síðasta sem ég myndi spila inn í langan tíma því nýtt viðfangsefni væri að taka við.“

Einkaþjálfari og tónlistarkennari

Ragnar hefur komið víðar við en á tónlistarsviðinu og í læknisfræðinni.

Hann segir að eftir að hann lauk menntaskólanum – árunum á milli tvítugs og tuttugu og þriggja ára kenndi hann á saxófón í Keflavík. „Ég fékkst við það í tvö ár og fékk þannig að kynnast raunveruleikanum sem tónlistarkennari. Annað árið í kennslunni var ég líka að þjálfra hjá World Class. Ég fór í einakþjálfaraskóla World Class og fékk vinnu hjá þeim.“ Um svipað leyti hófst crossfit æðið á Íslandi ég og vinur minn Ari Bragi Kárasón trompetleikari byrjuðum að þjálfra, hann fór aðeins lengra með það en ég. Uppúr þessu fer ég að fá áhuga á líkamanum. Á þessum tíma hafði ég hugsað mér að fara í framhaldsnám í tónlist og var búinn að kynna mér skóla í Þýskalandi, Bretlandi og í Bandaríkjunum og reyna að meta hvað mig langaði til þess að gera.“

Kynntist munk í Þýskalandi

„Þegar ég var sextán ára fór ég á námskeið í hugleiðslu til Þýskalands. Mér finnst hugleiðslan hafa hjálpað mér á mörgum sviðum. Bæði í listskópun og einnig hvernig ég hef nálgast námið. Þá fékk ég að velja mér hugleiðslukennara. Hann er munkur og búinn að helga líf sitt þessum fræðum. Og svo sérkennilegt sem það kann að virðast þá hefur hann alltaf verið á réttum stað í mínu lífi. Ég hittir hann fyrst

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

þarna í Þýskalandi en þessir menn ferðast gjarnan um heiminn og kenna fræði sín. Á ferðum sínum kom hann eitt sinn hingað til lands og ég hitti hann þá sem er auðvitað ótrúlegt. Og núna eftir að ég fór til Ungverjalands komst ég að því að hann hefur dvalið í Króatíu sem er næsti bær við, þannig að við höfum átt áframhaldandi góð samskipti. Ég hef heimsótt hann og hann hefur heimsótt mig yfir til Ungverjalands. Við erum búnir að halda góðu sambandi í um áratug og þessi maður hefur kennt mér og haldið mér við efnið í hugleiðslunni og bent mér á að reyna að lifa í núnu.

Fékk áhuga á líkama og sál

Eftir að hafa skoðað ýmsa möguleika um framhaldsnám gerðist það að ég fékk meiri áhuga á líkamanum. Bæði þessum efnislega en einnig á andlegu hliðinni. Eða á líkama og sál og tengingunni þar á milli. Ég velti sálfræðinámum fyrir mér sem er styttra nám en lækisfræðin en fannst það einhvern veginn of huglæggt fyrir þær hugmyndir sem ég var farinn að þróa með mér.

Þegar ég var að þjálfa í World Class fékk ég alls kyns spurningar frá fólki sem ég gat alls ekki svarað vegna þess að ég hafði ekki þekkingu til þess. Ég fór því að lesa mér til um þessa hluti. Greinar um heilsu og líkamlega líðan. En það var erfitt fyrir mig að gera mér grein fyrir hvað var sannleikur í þessu skrifum og hvað gat flokkast sem áróður fyrir tilteknum lífsstíl. Mig langað til þess að afla mér fróðleiks og mynda mér mínar eign skoðanir út frá því. Þegar ég fór að íhuga lækisfræðina gerði ég mér grein fyrir að inntökupróf í lækisfræði gæti orðið mér erfið því ég hafði engan sérstakan undirbúning úr framhaldsskóla fyrir þá leið.

Gat tekið undirbúningsnám úti

Ragnar segist hafa verið mikið meira í félagslífi og listum en að



Ragnar Árni kominn í lækisfræðisloppinn og sestur við orgel og farinn að leika fyrir þá sem dvelja á sjúkrahúsi.

afla sér efnafræðilegrar- og líffræðilegrar þekkingar þótt hann hafi verið til hálfis á tónlistarbraut og til hálfis á náttúrufræðibraut. „Ég var þó með ákveðinn grunn af náttúrufræðibrautinni en hafði ekki verið að stefna í þessa átt. Þeir sem ætla sér í lækisfræði eru jafnan búnir að stefna að því í framhaldsskóla og undirbúa sig. Ég sá því tækifæri í Ungverjalandi þar sem fyrsta árinu er varið í undirbúning fyrir hina eiginlegu lækisfræði. Þar er kennd efnafræði og eðlisfræði ásamt fleiri fögum sem eru grunnfög í lækisfræðinámum. Þar gat ég náð mér í þann undirbúning og byggt þann

grunn sem ég þurfti á að halda fyrir framhaldið. Ég lærði heilt sumar fyrir inntökuprófið og komst svo inn í þetta fornám þar sem mér var sagt að ef það gengi vel gæti ég hafið nám í lækisfræði. Ég er búinn að vera úti í fjögur ár og á eftir þrjú til þess að ljúka almennri lækisfræði.“

Saxófóninn var minn besti félagi

Ragnar segir að þetta sé búið að vera bardagi og á ýmsu hafi gengið. „Það var ekki auðvelt að byrja. Ég hafði aldrei setið við að læra svona marga klukkutíma á dag. En ég hafði

hins vegar æft mig á saxófóninn marga klukkutíma á dag í mörg ár og það koma mér til góða. Ég bjó í litlu herbergi til að byrja með. Það var gott að hafa saxann með í för og geta gripið til hans til að hreinsa hugann“. Ragnar segist nota bækur mikið í náminu. „Mér finnst betra að lesa af bókum en af tölvuskjánum en það fer þó eftir því við hvað maður er að fást. Mér finnst ég fá meiri yfirsýn þannig.“ Ragnar segir ungversku ekki þvælast fyrir útlendingum í lækisfræðinámum. „Við lærum latínu fyrsta árið til að komast inn í fræðaheitin en síðan fer allt nám fram á ensku. Þetta er staðlað nám eftir amerískum háskóla.“

Ragnar segir að það sem skemmtilegast sé við að vera við nám í Ungverjalandi sé hversu fjölbreyttan hóp af ungu og hæfileikaríku fólki stundi nám við háskólann. „Þarna er samankomið í þessum fallega háskólabæ fólk frá öllum heimshornum.“

Nýtt lag í lok sumars

En aftur að tónlistinni. Er tími fyrir hana með öðrum hætti en að blása við og við í saxófóninn til að hvíla sig frá náminu. „Þarna úti gefast ekki eins mörg tækifæri til þess að spila með góðum hljómsveitum og hér heima. Þá sá ég hversu gott það var að vera hluti af þessari góðu íslensku tónlistarfélagi þar sem allir spila með öllum og fólk hjálpast að. Þetta varð til þess að ég fór sjálfur að semja meiri tónlist. Í íbúðinni þar sem ég bý úti er lítið herbergi sem ég þarf ekki að nota. Ég breytti því í stúdíó þar sem ég get verið við að semja mína eigin tónlist. Ég hef aðeins minnkað saxófónleikinn. Alla vega í bili. Ég er einkum að semja á gítar, búa til texta og syngja mín eigin lög þessa dagana. Ég gaf út eitt lag síðasta sumar og gerði tónlistarmyndband sem heitir Leiðin og er tekið upp í fjörunni hér við Gróttu á Seltjarnarnesi og ég frumsýndi það í húsinu sem ætlað var fyrir Lækisfræðinámum.“

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30

Þaðan sem hægt er að sjá yfir tókustaðinn. Hægt er að sjá lagið og myndbandið á heimasíðunni minni www.ragnarmusic.is. Nú er ég nýlega komin úr stúdíói þar sem ég tók upp fleiri lög sem ég er búinn að vinna með frábærum tónlistarmönnum. Þar voru Seltirningar með mér. Þar á meðal Helgi Hrafn Jónsson sem var valinn bæjarlistamaður Seltjarnarness 2015. Þorvaldur Þór Þorvaldsson trommuleikari og Gunnar Gunnsteinnsson bassaleikari. En einnig aðrir snillingar þeir Pétur Ben gítarleikari og Tómas Jónsson hljómborðsleikari.

Ragnar segir að tónlistarskólinn eigi mikinn heiður skilinn fyrir það tónlistarlega uppeldi sem margir ungir Seltirningar hafi notið. Þá vil ég nefna það frábæra starf sem unnið er í félagsmiðstöðinni Selinu, þar sem ýtt var undir skapandi starf unglinga.

Hef verið að semja kvikmyndatónlist

Einnig hef ég samið tónlist fyrir bíómyndir. Ég hef farið á nokkrar kvikmyndahátíðir í Evrópu einkum í Frakklandi, vegna þess að ég hef



Saxófóninn var minn besti félagi segir Ragnar þegar hann dvaldi í framandi landi. Hér blæs hann með íslenskum tónlistarfélögum.

aðallega starfað með frönskum aðilum – leikurum og leikstjórum. En þetta samstarf er góð afsökun til að eyða meiri tíma í París í

stuttum stoppum.“ En tónlistin og læknisfræðin, er endilega svo langt á milli? „Gerast töfrarnir ekki einhverstaðar á þeim stað þar sem

vísindin og listin mætast? Þetta er staður sem mig langar að rannsaka betur”. segir Ragnar Árni Ágústsson að lokum.



Höldum okkur á mottunni í haust!



MÖNTRU ARMBÖND
– fallegasta veganestið í vetur!
Silfrúð, gyllt, rósagull.
Á konur og menn.
Verð: 6.500/7.500 kr.



15% afsláttur
MANDUKA PROlite
til 18. sept.

Hvað eftir annað eru Manduka PROlite nr. 1 í alþjóðlegum gæðakönnunum. Hannaðar fyrir þá sem vilja næra líkama og sál og halda sig á mottunni. MANDUKA PROlite eru lífstíðareign. Verð m/afsl: 13.515 kr. (áður: 15.900 kr.)



20 % afsláttur af VIRIDIAN til 18. sept.

Viridian vítamínin og bætiefnin fremst í flokki heilla vítamína og bætiefna. Hrein, án nastís og virka.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksurinn í Suðvesturkjördæmi

Sjálfstæðisflokkurinn í Suðvesturkjördæmi auglýsir prófkjör til að velja frambjóðendur á lista fyrir Alþingiskosningar í október. Prófkjörið fer fram **laugardaginn 10. september**.

Á Seltjarnarnesi stendur prófkjörið frá **kl. 9-18, að Austurströnd 3**.

Allir flokksbundnir sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi geta kosið í prókjörinu auk þess þeir sem ganga í flokkinn á kjörstað.

Vinsamlega sýnið skilríki.

Þeir sem eru fjarverandi 10. september er bent á að leita til Valhallar með tímasetningu á hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst.

Sjálfstæðismenn - takið þátt í að móta sterkan lista og hafa áhrif

Sjálfstæðisfélögin á Seltjarnarnesi



DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

Reykjavík Kópavogur Garðabær Hafnarfjörður

Vesturbær
Grafrholl

JAZZ PUNK CONTEMPORARY HIPHOP COMMERCIAL MUSICALTHEATRE



Hefst 12. sep - 12 vikur

Æfðu allt að 6x í viku vandað og markvisst dansnám. Danshópar frá 3ja ára aldri.

Mikil áhersla á metnað og fagmennsku – kennarar sækja reglulega workshop erlendis. Margra ára reynsla sem kennarar og atvinnudansarar.

Upplýsingar í s.6945355

www.dansskolibb.is

Danskeppnir

Dansferðir

Erlendir gestakennarar

Sýningarflokkur

Tæknilímar

Nemendasýningar

Hvatningarverðlaun

Nemendaráð

Workshop

Snapchat:
dansskolibb
Instagram:
dansskolibb



Draumasveitarfélagið Seltjarnarnes

Ágætu sveitungar. Ég nýt þess heiðurs að vera fyrsti þingmaðurinn af Seltjarnarnesi sem kjörinn er til setu á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Allt frá því að við fjölskyldan skutum rótum hér á Nesinu, árið 1986, hefur sveitarfélagið og samfélagið verið mér og okkur afar kært. Það er svo margt til fyrirmyndar hjá okkur - að ógleymdri náttúrunni. Frábær leik- og grunnskóli sem synir okkar genu í. Óflugt íþróttastarf, tónlistarkennsla og góð þjónusta við eldri borgara, svo fátt eitt sé nefnt.

Allt þetta er gerlegt með samstöðu, ráðdeild og fyrirhyggju í rekstri sveitarfélagsins okkar. Aukinheldur eru hér lægstu skattar sem þekkjast á meðal sveitarfélaga landsins. Ár eftir ár hefur Seltjarnarnes verið valið „draumasveitarfélagið“. Við erum með mestu þjónustuna fyrir lægsta verðið. Er nokkuð hægt að fá betri uppskrift að velsæld sem við íbúarnir njótum og aðrir horfa til, ekki sist ríkisvaldið?

Í mínu starfi sem alþingismaður á þessu kjörtímabili hef ég tekið margt með mér úr nánasta umhverfi mínu. Það hefur mótandi áhrif á áherslur. Um leið og ég sækist eftir endurkjöri sem þingmaður Suðvesturkjördæmis vil ég nefna að á meðal áherslna hjá mér er bætt heilbrigðiskerfi. Til þess þarf aukin framlög, breytta forgangsstöðun en á grundvelli

stöðugleika og sterkrar fjármálastjórnunar. Ég hef beitt mér fyrir aukinni velferð barna og unglinga og set jafnréttismál framarlega í forgangsröðina. Ég fagna nýjum úrræðum fyrir unga fólkið við kaup á fyrstu eign.



Elín Hirst

Í tengslum við sterkara heilbrigðiskerfi hef ég barist fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um Reykjavíkurlugvöll, sem er mál allra landsmanna. Síðast en ekki sist vil ég sjá aukinn heildarleika í stjórnámum og gagnsæi, þannig að ekki fari á milli mála að stjórnámamenn sinni fyrst og fremst almannahag.

Nú líður að prófkjöri okkar sjálfstæðismanna, sem fram fer laugardaginn 10. september nk. Ég sækist eftir 2.-3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins og hlakka til að vinna áfram að góðum málum á næsta kjörtímabili, nái ég því marki að sitja áfram á Alþingi. Heima- byggð mín, draumasveitarfélagið Seltjarnarnes, er mér í senn hvatning og skjól. Ágætu nágrennar og vinir - takið þátt í að móta lista Sjálfstæðisflokksins fyrir næsta kjörtímabil með þátttöku í prófkjörinu.

Elín Hirst alþingismaður

Telja að hækkun húss við Miðbraut 34 standist ekki deiliskipulag

Magnús Örn Guðmundsson bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi hefur gert athugasemd við afgreiðslu Skipulags- og umferðarnefndar vegna Miðbrautar 34. Eigandi hússins við Miðbraut 34 lagði fram beiðni um hækkun á þaki hússins um 2,5 metra í febrúar 2016. Sambærilegu erindi hafði bærinn hafnað árið 2013 vegna Miðbrautar 34.

Í bókun Magnúsar á síðasta fundi bæjarstjórar kemur fram að á svæði A í deiliskipulagi Vesturhverfis sé jöfn byggð einbýlishúsa og hvorki leyfð fjölgun íbúða né aukinn hæðafjöldi. Leitast skuli við að samræma þakform og hæð að aðlægu húsum. Fyrirhugaðri breytingu á deiliskipulagi hafi verið harðlega mótmælt af íbúum nærliggjandi húsa enda engin veigamikil rök fyrir henni. Magnús segir í bókun sinni að eðlilegast sé að skoða forsendur fyrir svæðið í heild í deiliskipulagi ef gera eigi

slíka breytingu. Hann telur því ekki rétt að gefa út byggingarleyfi með þessum hætti og að umtalsverður vafi liggi á lögmæti framkvæmdarinnar á grundvelli núverandi deiliskipulags, og þar með skaðabótaskyldu bæjarins.

Guðmundur Ari Sigurjónsson bæjarfulltrúi Samfylkingar tekur undir með Magnúsi í bókun sinni þar sem hann leggur til að byggingarleyfi fyrir þakhækkun á Miðbraut 34 verði afturkallað. Hann bendir að á Miðbraut 34 sé á A-hluta skipulagsins þar sem sé jöfn byggð einnar hæða húsa. Skilmálar deiliskipulagsins banni aukin hæðarfjölda og fjölgun íbúða á þessum hluta svæðisins. Hann segir að umrædd breyting gangi gegn gildandi deiliskipulagi þegar aukin byggingarmagn felur í sér aukin hæðarfjölda. Ekkert hafi breyst, hvorki deiliskipulag né nærumhverfi.

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í
rekstri húsfélaga.



www.eignausmjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ
SÖLU FASTEIGNA

Davíð Ólafsson
Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533
david@fastborg.is

FRÍTT SÖLUVERÐMAT



B O R G
FASTEIGNASALA

ÖKUM VARLEGA! Skólarnir eru að byrjaðir!



**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

**TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM**

Alvöru matur



BÆJARHÁTÍÐ SELTJARNARNESS

verður haldin dagana 26. - 28. ágúst 2016

Seltirningar eru hvattir til að skreyta götur sínar og garða og flagga í tilefni hátíðarinnar.

Bláa hverfið
Bollagarðar
Hofgarðar
Lindarbraut
Nesbali
Neströð
Sefgarðar
Sævargarðar

Rauða hverfið
Bakkavör
Melabraut
Miðbraut
Unnarbraut
Valhúsabraut
Vallarbraut

Appelsínugula hverfið
Austurströnd
Hrólfskálamelur
Hrólfskálavör
Kirkjubraut
Skólabraut
Steinavör

Græna hverfið
Barðaströnd
Fornaströnd
Látraströnd
Vesturströnd
Víkuströnd

Gula hverfið
Eiðismýri
Eiðistorg
Grænamýri
Hamarsgata
Kolbeinsmýri
Lambastaðabraut
Nesvegur
Selbraut
Skerjabraut
Sólbraut
Suðurmýri
Sæbraut
Tjarnarból
Tjarnarmýri
Tjarnarstígur

Byko og Hagkaup eru með varning til sölu í hverfalitunum.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Nú þegar sumri hallar eftir gott tímabil með sól og blíðu þá förum við að huga að vetrarstarfi félags og tómstunda hjá eldri bæjarbúum. Dagskráin fyrir komandi mánuði er nokkuð fjölbreytt þar sem allir sem áhuga hafa og getu ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Dagskráin fyrir tímabilið september – desember hefur verið gefin út og send til allra 65 ára og eldri. Fólk er hvatt til að geyma viðkomandi dagskrárblað þar sem það gefur ágæta yfirsýn yfir það sem er að gerast í félagslífinu.

Þegar þessar Nesfréttir berast í hús þá hefur fyrsta „óvissuferðin“ verið farin en til stendur að fara fimmtudaginn 18. ágúst í smá Reykjavíkurrútt með viðkomu í Listasafni Sigurjóns.

Vöflukaffi og kynningarfundur verður fimmtudaginn 25. ágúst í Félagsheimili Seltjarnarness kl. 15.00.

Sú hefð hefur skapast að bjóða til þessarar samkomu á hverju hausti þegar dagskrá vetrarins hefur verið gefin út. Þá kemur fólk saman, spjallar og fær sér kaffi, farið verður yfir dagskrána í stórum dráttum, ásamt því að boðið er upp á skráningu á námskeiðin.

Dagskrá komandi mánaða hefur að geyma ákveðna fasta liði sem hafa fest sig í sessi og ekki talin ástæða til að breyta á meðan ásókn er í þá. Síðan eru tvinnuðir ýmsir aðrir viðburðir inn í dagskrána eins og skemmtikvöld, óvissuferðir, leikhúsferðir og ýmislegt fleira. Skráning er hafin á námskeiðin í leir og listasmiðju, gleri og glerlist ásamt „þema“ og bókbandi.

Nú hafa föstudagar bæst við með jóga og til stendur að gera tilraun með hljaturjóga í þeim tíma. Einnig er fólk hvatt til að kíkja í kaffikrókinn sem er alla morgna á Skólabrautinni og mæta í söngstundina sem er alla föstudaga svo eitthvað sé nefnt.

Við komum til með að eiga áframhaldandi gott samstarf við kirkjuna, Selið, Tónlistarskólann og Bókasafnið og auglýsa þeirra dagskrá með okkar þegar það á við.

Eins og venja hefur verið þá minnum við á dagskrána á hverjum degi inni á mbl.is undir liðnum félagsstarf eldri borgara bæði í blað og netútgáfu. Yfirlit dagskrárinna er einnig inni á vef Seltjarnarþéttar / aldraðir/félagslíf aldraðra. Dagskráin birtist svo í Nesfréttum í hverjum mánuði og facebook undir Eldri borgarar ár Seltjarnarþéttar. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar í aðstöðu félags og tómstundastarfsins á Skólabraut 3-5. Með von um áframhaldandi góða þátttöku og samstarf horfum við björtum augum á komandi mánuði í starfi eldri bæjarbúa. Forstöðumaður félags og tómstundastarfsins er Kristín Hannesdóttir og tekur hún á móti öllum athugasemdum og ábendingum varðandi starfið. Netfang: kristinh@nesid.is og síminn er 5959147/8939800.

UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins – Tjaldur



Tjaldahjón með unga í Suðurnesi, faðirinn færir unganum ánamaðk.

Tjaldur er algengur og áberandi varpfugl á Framnesi Seltjarnarness, 8-12 pör verpa að jafnaði. Hann verpir í sandi og mól, mest í Suðurnesi og sérstaklega þykja honum glompur golfvallarins góðar til varps. Þessi stóri vaðfugl sést árið um kring á Nesinu. Utan varptíma er hann sérlega hændur að leirum og fjörum, eins og Leirum í Bakkavík og víðar á Bakkagrandu, þar sem yfir 100 tjaldar hafa sést síðsumars. Vetursetufuglarnir leita jafnframt ætis í þessum fjörum. Þar taka þeir m.a. sandmaðk, sem þeir grafa eftir með löngum, sterklegum goggi. Stundum má sjá tugi fugla í slökun við Bakkatjörn.

Jóhann Óli Hilmarsson, www.johannoli.com

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins



Innritun hafin

Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri

Ballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarþéttar
S: 562-0091 695-0399

Netfang: gbballett@simnet.is

Heimasíða: www.gbballett.is

Karen Elísabet Halldórsdóttir

í 3.sæti

Prófkjör
Sjálfstæðisflokksins
í Suðvesturkjördæmi
10. september 2016

Hamraborg 1. hæð

Færri en vilja komast að í Gallerí Gróttu



Ein af fjölmörgum fuglamyndum sem Ragnhildur Ágústsdóttir mun sýna í Gallerí Gróttu í september.

Sýningarsalurinn Gallerí Gróttu á sívaxandi vinsældum að fagna meðal listamanna, en að sögn Soffíu Karlsdóttur, sviðsstjóra menningar sviðs Seltjarnarness er gríðarlega mikil eftirspurn eftir sýningarhaldi í salnum. „Eftir að salnum var breytt hefur hann öðlast sess sem einn af eftirsóttari sýningarsölum á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Soffía.

„Til mín berst tugur umsókna og fyrirspurna á ári hverju og ekki hægt að verða við óskum allra, það gefur auga leið. Áhersla hefur verið lögð á fjölbreytileika og fagmennsku í sýningarvali og virðist það falla í kramið hjá bæjarbúum og þeim sífjölga gestum sem sækja Galleríið heim. Við byrjun nýtt sýningarár með afar spennandi sýningu Ragnhildar Ágústsdóttur listmálara sem ætlar að sýna hrífandi málverk af fuglum, sem hún vinnur á afar nostursamlegan máta. Verkin tengir hún við fjölskrúðugt náttúrugripasafn okkar Seltirninga, en gripum úr því verður stillt upp í Galleríinu og einnig í Bókasafninu. Sýning Ragnhildar verður opnuð fimmtudaginn 8. september kl. 17 og eru allir velkomnir líkt og á aðrar sýningaropnanir. Næstir til að sýna í Gallerí Gróttu eru svo Messíana Tómasdóttir sem opnar sína sýningu 6. október, Anna Rún Tryggvadóttir sem sýnir 10. nóvember til 2. desember og Halldór Ragnarsson slær svo botninn í sýningarhaldið á þessu ári með opnun 8. desember,“ segir Soffía að lokum.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

HAUSTNÁM- SKEIÐ 2016 MYNDLISTASKÓLINN

SKRÁNING HAFIN

Nánar á www.mir.is og
í síma 551 1990 milli
kl. 13:00 og 17:00.

Í REYKJAVÍK



Um 100 krakkar í handbolta- og afreksskólunum

Mikið líf í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi dagana 2. til 19. ágúst en þá var Handboltaskóli Gróttu í fullum gangi. Góð þátttaka var í skólann eins og undanfarin ár og greinilegt að krakkarnir biðu í ofvæni eftir handboltavetrinum eftir gott sumarfrí. Frábærir þjálfarar störfuðu við skólann og má þar nefna Andra Sigfússon, Önnu Lilju Björnsdóttur, Björn Valdimarsson, Pétur Má Harðarson og Viktor Orra Þorsteinsson auk annarra ungra og efnilegra þjálfara félagsins.

Samhliða handboltaskólanum var starfræktur Afreksskóli Gróttu en hann var hugsaður fyrir eldri krakka sem vildu kafa dýpra í handboltafræðin. Það var Andri Sigfússon sem sá um þær æfingar auk gestþjálfara. Daglega voru því um 100 krakkar í þessum tveimur skólum. Það var mikið um að vera á meðan námskeiðið stendur yfir eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Vonandi komi allir krakkarnir brosandi og lærdómsríkari heim eftir fjöruga morgna í íþróttahúsinu.



www.grottasport.is



GETRAUNANÚMÉR
GRÓTTU ER
170

Fanney varði Evrópumeistaratitilinn

Kraftlyftingakonan Fanney Hauksdóttir varði á dögunum Evrópumeistaratitil sinn í bekkpressu í -63 kg. flokki. Mótið fór fram í Keflavík.

Fanney lyfti mest 155 kg. og tryggði sér Evrópumeistaratitilinn. Hún er einnig ríkjandi heimsmeistari í sínum flokki í bekkpressu.



Líf og fjör á Dana Cup

Þriðja árið í röð sendi 4. flokkur Gróttu/KR lið á Dana Cup stórmótið sem haldið er ár hvert í Hjörning í Danmörku.

U13 ára lið Gróttu/KR fór í B-úrslit eftir riðlakeppni en U14 ára liðið í A-úrslit. Þar unnu stelpurnar hvern leikinn á fætur öðrum og komust alla leið í 8-liða úrslit. Þar var leikið við stórliðið AIK frá Stokkhólmi en eftir jafnan fyrri hálfleik reyndust þær sænsku sterkari og fóru í undanúrslitin. Engu að síður frábær árangur hjá Gróttu/KR stelpunum að komast í hóp 8 bestu liðanna á 70 liða móti. Fyrir utan sjálfan fótboltann gerði hópurnin ýmislegt skemmtilegt í ferðinni. Farið var í skemmtigarðinn Fårup Sommerland og einnig var staðan tekin á verslunum H&M. Allir komu kátir heim með dýrmætar minningar í farteskinu, jafnt leikmenn sem og þjálfararnir Bojana Besic og Pétur Rögnvaldsson og fararstjórnarnir fjörugu Harpa Frímansdóttir og Lilja Jóhannesdóttir.



Spánarævintýri 3. flokks

Í lok júní hélt 3. flokkur karla til Benidorm á Spáni til að taka þátt í Costa Blanca Cup mótinu sem þar er haldið ár hvert.

Strákarnir gistu á hóteli skammt frá ströndinni þar sem þægilegt var að slaka á við

sundlaugarbakkann milli leikja. Gróttu sendi tvö lið til leiks á mótið sem bæði stóðu sig með þryði. Leikið var við lið frá hinum ýmsu löndum - Spáni, Bandaríkjunum, Mexíkó, Ítalíu, já og Íslandi! Hitinn mikill en öll umgjörð til mikillar fyrirmyndar. U15 ára liðið féll úr leik í vítaspyrnukeppni þar sem 24 spyrnur þurftu til að skera úr um sigurvegara. U16 ára liðið fór í undanúrslit í B-úrslitum og mætti þar Grindvíkingum sem höfðu sigur í jöfnum leik. Þetta var fyrsta keppnisferðin sem þessi hópur fer í á erlendri grundu og er óhætt að segja að tíminn á Spáni hafi styrkt liðsheildina og eft tengslin hjá strákunum sem hafa tekið miklum framförum á tímabilinu.



Gróttustrákar í ströngu

Síðustu vikur hafa leikmenn Gróttu staðið í ströngu í lokakeppni EM. Aron Dagur Pálsson var valinn í U20 ára landsliðið sem lék í Danmörku. Liðið lék vel og endaði að lokum í 7. sæti mótsins eftir klaufalegt jafntefli gegn Spánverjum sem urðu Evrópumeistarar. Aron Dagur lék framan af móti lykilhlutverk í liðinu en meiddist í lokaleik riðlakeppninnar og lék ekki meira með liðinu eftir það.

Jóhann Kaldal Jóhannsson og Pétur Árni Hauksson voru valdir í U18 ára landsliðið sem lék í Króatíu. Þegar þetta er skrifað hefur liðið tryggt sér sæti í milliriðlum og er öruggt í einu ef 8 efstu sætum mótsins. Með árangrinum er liðið enn fremur búið að tryggja sig á HM á næsta ári og EM eftir tvö ár. Þessir þrjú leikmenn eru miklar fyrirmyndir og ánægjulegt að sjá að öflugt barna- og unglíngastarf félagsins er að skila sér í efnilegum meistaraflokksleikmönnum. Aron Dagur var í stóru hlutverki með meistaraflokki síðastliðinn vetur og



Aron Dagur Pálsson.



Jóhann Kaldal Jóhannsson og Pétur Árni Hauksson.

verður í enn stærra hlutverki næsta vetur. Jóhann Kaldal og Pétur Árni skrifuðu nýverið undir tveggja ára samninga við meistaraflokk og verður gaman að sjá hvernig þeim mun ganga í vetur.

USA Cup meistarar



Þann 17. júlí héldu 29 stelpur úr 3. flokki Gróttu/KR í ógleymanlega ferð til Minneapolis í Bandaríkjunum þar sem leikið var á USA Cup - stærsta fótballmóti í Ameríku.

Gróttu/KR sendi tvö lið til leiks, eitt í keppni U16 ára liða og annað í U15 ára, og voru bæði lið ósigruð eftir riðlakeppnina. Í steikjandi hita á fjórða keppnisdegi datt U15 ára liðið úr keppni í jöfnum leik en U16 ára liðið fór alla leið í úrslit mótsins. Þar var leikið við öflugt lið St. Paul Blackhawks en stöðva þurfti leikinn vegna þrumuveðurs

og eldinga skömmu eftir leikhlé. Að lokum voru úrslitin útkljáð í vítaspyrnukeppni þar sem Gróttu/KR stelpur höfðu sigur. Þá voru einungis rúm 3 klukkutímar í flug heim til Íslands svo hafa þurfti hraðar hendur við að koma hópnum út á flugvöll (og skipta í þurr föt). Allir komust um borð með medalíu um hálsinn þó að tæpara hefði þetta varla mátt standa. Ógleymanlegur og dramatískur dagur sem batt enda á frábæra ferð frábærra fótballastelpna til lands hinna frjálsu og huguðu.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinn er Viðar Snær Viðarsson, hann útskrifaðist með hæstu einkunn frá Valhúsaskóla í júní sl. Viðar kennir í fótballaskóla Gróttu og æfir og spilar fótballa með 2. og 3. flokki Gróttu og er að hefja nám í MR í haust.

Fullt nafn? Viðar Snær Viðarsson.

Fæðingard. og ár? 10. júní 2000.

Starf? Ég starfaði hjá knattspyrnskóla Gróttu í sumar og er að hefja nám við Menntaskólann í Reykjavík í haust.

Farartæki? Hjólið hans pabba og strætó.

Helstu kostir? Ég er alltaf kátur.

Eftirlætis matur? Humar og nautakjöt með bernaise.

Eftirlætis tónlist? EDM (electronic dance music) og rapp.

Eftirlætis íþróttamaður? Systir mín, Arnildur Anna Árnadóttir, kraftlyftingakona.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Game of Thrones, Fargo og You're The Worst.

Besta bók sem þú hefur lesið? Selurinn Snorri, bók sem er mér mjög minnisstæð.

Uppáhalds leikari? Russell Crowe.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Sharknado er tímalást meistaraverk sem á erindi við alla unndendur góðra kvikmynda um hákarla sem þyrlast upp í hvirfilbyljum.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Ég eyði miklum tíma á fótballavellinum og með vinum. Við fjölskyldan erum líka mjög dugleg að gera eitthvað saman, svo sem að ferðast. Afgangs tími fer í sjónvarpsgláp og tíma við tölvuna.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Þjóðgardamir í Utah og Snæfjallaströnd á Vestfjörðum.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Heiðarleika, tillitssemi, tryggð og kímniþáfu.

Hvern vildir þú helst hitta? Bill Gates.



Uppáhalds vefsíða? Youtube.com, þar má einfaldlega finna allt. Theuselessweb.com er líka frábær síða sem krefst engra útskýringa.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Það kæmi sér vel að fá nýjan síma og bílpróf.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Ég myndi kaupa mér bíl og gefa hluta í gott málefni.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

"Make Eiðistorg great again".

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Láta gott af mér leiða.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég þjálfaði og leiðbeindi ungum knattspyrnuíðkendum, fór til Frakklands að horfa á íslenska landsliðið leika listir sínar á EM, fór með 3. flokki Gróttu til Spánar, ferðaðist um landið með fjölskyldunni og átti skemmtilegar stundir með vinum mínum.

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002


Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188




TOSCANA
súrdeigsbrauð með heilkorni



KLETTABRAUÐ
gerlaust súrdeigsbrauð



SVEITABRAUÐ
dökkt súrdeigsbrauð
með heilkorni og rúgi



HOLTABRAUÐ
gróft fimm korna brauð
með súrdeigi



Brakandi góð og vel bökuð súrdeigsbrauð að hætti Jóa Fel

*Steinbökuð brauð með heilkorni.
Enginn viðbættur sykur!*

Bakaríð við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

